

## Fundargerð nr. 208

### 208. fundur stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga haldinn 25.9.2023.

#### Kennslustaðaheimsókn í uppsveitir.

Mætt: Kjartan Björnsson, Erla Sif Markúsdóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson og Helga Sighvatsdóttir.  
Jóhann I. Stefánsson boðaði forföll.

#### 1. Kennslustaðaheimsóknir.

Stjórn Tónlistarskóla Árnesinga heimsótti kennslustaði í uppsveitum Árnessýslu, þ.e. Kerhólsskóla, Bláskógaskóla Laugarvatni, Reykholtsskóla, Flúðaskóla og félagsheimilið, Þjórskóla og bókasafnið í Brautarholti.

- Lagt var af stað frá Selfossi kl. 11:40 – heimkoma kl. 15:10.

Á kennslustöðum tóku umsjónarmenn kennslustaða og/eða skólastjórnendur grunnskólanna á móti gestum.

Aðstaða til kennslu er ólík milli kennslustaða, sums staðar góð en annars staðar mætti búa betur að tónlistarkennslunni hvað varðar rými, hljóðeinangrun og aðgengi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15:10/ SIS

Fundargerð send til fundarmanna í tölvupósti til samþykktar.

*Kjartan Björnsson,  
Erla Sif Markúsdóttir,  
Sveinn Ingi Sveinbjörnsson,  
Helga Sighvatsdóttir,*